

Mál nr. 281/2011

M

og

Vátryggingafélagið X v/slysatryggingar launþega (S)

Ágreiningur um hvort vinnuslys hafi orðið 13.11. 2005.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 07.07. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 18.07. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. M kveðst hafa verið að þurrka af shake blandara og rekið sig í takka þannig að blandarinn fór af stað og tuska flæktist í honum og þumall hægri handar einnig þannig að M hafi orðið fyrir meiðslum.

Ágreiningur er um hvort M hafi orðið fyrir slysi við vinnu sína og um orsakatengsl.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það telur að ósannað að M hafi slasast við störf sín hjá S. Engin vitni voru að atvikinu auk þess sem vinnuveitandi kannast ekki við slysið og neitaði að fylla út tilkynningu um það til félagsins. Samkvæmt tjónstilkynningu varð slysið 13.11. 2005 en M (tjónþoli) tilkynnti það ekki til félagsins fyrr en 08.10. 2010. Félagið telur og ósannað að M hafi orðið fyrir varanlegum meiðslum í slysinu.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ósannað að er að hafi hlotið varanleg meiðsl í vinnuslysi. Fallist er á afstöðu vátryggingafélagsins í máli þessu.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 16. ágúst 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.